

## 024/00 - M.b. Skarfaklettur GK-302

Skarfaklettur GK-302 fær á sig sjó á siglingu til hafnar

### M.b. Skarfaklettur GK-302

**Skipaskr.nr.:** 2280

**Smíðaður:** í Hafnarfirði úr trefjaplasti

**Stærð:** 7,00 brl; 5,84 bt

**Lengd:** 9,46 m **Breidd:** 2,98 m **Dýpt:** 1,26 m

**Vél:** Cummins 187,00 kW **Árgerð:** 1999

**Annað:**

**Földi skipverja:** 2



Skarfaklettur ©Hilmar Bragi Bárðarson

### Atvikalýsing

Hinn 19. desember 1999 var m.b. Skarfaklettur GK-302 á siglingu til hafnar í Sandgerði. Veður: suðaustan 5-6 vindstig, vindbára.

Þegar báturinn var staddur 13,5 sml. frá Sandgerðishöfn á stefnunni suðaustur eða suðsuðaustur kom sjór framan á bátinn sem braut glugga á stýrishúsi svo að sjór komst í stýrishús og lúkar. Siglingatæki urðu óvirk svo og fjarskiptatæki. Var siglingu áleiðis til hafnar haldið áfram á mjög hægri ferð eftir að ástand hafði verið kannað og gluggum lokað eftir föngum.

Þegar báturinn skilaði sér ekki á réttum tíma og ekki náðist talsamband við hann var af hálfu hafnarvarðar í Sandgerðishöfn og Tilkynningarskyldu Íslenskra skipa ákveðið að senda björgunarbátinn Hannes Þ. Hafstein út til að svipast um eftir m.b. Skarfakletti GK-302. Fundu skipverjar björgunarbátsins m.b. Skarfaklett GK-302 og fylgdu honum til hafnar.

### Við rannsókn kom fram

- að m.b. Skarfakletti GK-302 var siglt með 1800 til 1000 snúninga álagi á vél frá því að sigling til lands hófst þar til óhappið varð. Var álagið minnkað eftir því sem veður versnaði;
- að haldinn hraði bátsins var að sögn skipstjóra 4 sml. fyrir óhappið. Álag á vél hafi verið 1800 snúningar á mín. Þegar lagt var af stað til lands en vegna veðurs hafi afl verið minnkað þegar vindur jókst og verið um 1000 snúningar þegar óhappið varð;
- að mesti snúningshraði vélar var 2300-2400 snúningar á mínútu;
- að í bátnum var um 2,6 tonn afli, 24 bjóð, 350 lítrar af olíu auk annars búnaðar;
- að hámarkshleðsla samkvæmt stöðugleikagögnum er 6.280 kg.

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök atviksins hafi verið óvarleg sigling þar sem of miklu vélarafli var beitt við óhagstæðar veðuraðstæður.

Nefndin telur ástæðu til að benda á að hraði báts á siglingu yfir hafsbótinn er ekki sá sami og sigldur hraði. Á svona litlu fleyi getur sigldur hraði verið meira en tvöfaldur haldinn hraði við þær veðuraðstæður sem voru.

